

36. gr.

93

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, eða gegn reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál. 3. maí

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 58 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, og lög um viðauka við téð lög frá 23. júní 1932.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

94

um breyting á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum. 3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í stað orðsins „bæjarstjórn“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

3. gr.

Fyrirsögn laganna verði þannig:

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

94
3. maí

4. gr.

Er frv. þetta er orðið að lögum, skal færa það og lög nr. 12 frá 1928 inn í meginmál laganna (79 frá 1917) og gefa þau út þannig breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

95
3. maí

L Ö G

um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1945 veitist Jóni S. Loftssyni kaupmanni, Reykjavík, og Sveinbirni Jónssyni byggingameistara, Akureyri, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði vikur eða vörur unnar úr vikri.

2. gr.

Einkaleyfishöfum ber að greiða til ríkissjóðs fimmtíu auru í útflutningsgjald af hverri smálest vikurs eða vikurvara, sem þeir kunna að flytja út. Þó er fjármálaráðherra heimilt að lækka útflutningsgjaldið, ef leyfishafar færa sönnur á nauðsyn þess, til að framleiðslan geti borið sig fjárhagslega.